

**Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara,
11. ágúst 2014, kl. 14.30-15.30.**

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Ársæll Guðmundsson, Jón Torfi Jónasson, Svanhildur M. Ólafsdóttir, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Sólrún Harðardóttir og Kristín Jónsdóttir.

Viðfangsefni fundarins: *Ráðstefnan Future Teachers – a Profession at crossroads* og verkefni framundan.

Þau atriði sem líklega er rétt að setja fremst á verkefnalistann nú eru TALIS og þælingar um skýrsluna: STARFSÞRÓUN KENNARA - GREINING Á SJÓÐAUMHVERFI sem RHA hefur skilað af sér.

Skýrsla um kortlagningu sjóða

Almenn umræða var um skýrsluna, en hún var send út til fulltrúa stýrihópsins í vor. Rætt var um hvernig við ætluðum að höndla hana og nota. Ákveðið var að fulltrúar stýrihópsins færu með skýrsluna í sitt bakland (til fulltrúa í fagráði og annarra sem tengjast efni hennar sérstaklega) og ræddu hana þar. Þaðan myndu fást fyrstu viðbrögð. Meginspurningar:

- Hvað er gott?
- Hvað þarf að laga?
- Hvað vantar, ef eitthvað?
- Beina ætti sjónum sérstaklega vel að þeim atriðum er tengjast viðkomandi hópi (háskólum, sveitarfélögum, ráðuneyti, kennurum og skólastjórnendum).

Skýrslan er ekki hernaðarleyndarmál en ætti engu að síður að vera fyrst og fremst til skoðunar hjá okkur til að byrja með.

Rætt var um að þessi vinna færi af stað sem fyrst og menn skiluðu af sér punktum eigi síðar en laugardaginn 13. september (sendist til solrun@namsmat.is)

TALIS

Fara verður yfir niðurstöður TALIS með það í huga hvernig fagráðið getur nýtt sér upplýsingar sem þar koma fram. Einnig þarf fagráðið að gera sér grein fyrir hvaða upplýsingar það eru sem ekki finnast í TALIS sem okkur þykir nauðsynlegt að afla.

Í þessu sambandi var rætt um að niðurstöður TALIS væru víða til umræðu með formlegum hætti s.s. á fundi Sambands sveitarfélaga, hjá MVS og víðar nú í haust.

Ráðstefnan Future Teachers – a Profession at crossroads

Stýrihópur fagráðs ber ábyrgð á skipulagningu ráðstefnunnar og var farið yfir stöðu mála. Kristín Jónsdóttir kennslukona við MVS kom til liðs við undirbúningshópinn í vor og greindu þær Sólrún frá því helsta varðandi undirbúning ráðstefnunnar og einnig kynningu á henni og fyrirlesurum. Allt virðist nokkurn veginn í höfn eða á eðlilegri leið í höfn.

Önnur mál

Rætt var um að næsti fundur fagraðs yrði í september í framhaldi af umræðum um sjóðaskýrsluna. Efni þess fundar væri sameiginleg umræða um skýrslu og einnig TALIS.

Fundi slitið.

Sólrún Harðardóttir fundarritari.